

COVID-19

Frágangur og flutningur á líki á Íslandi

Veiran sem veldur COVID-19 heitir SARS-CoV-2 en hún leggst einkum á öndunarfæri og greinist við rannsóknir í sýnum úr hálsi, nefi og lungum frá veikum en hefur einnig greinst í blóð- og hægðasýnum.

Meginsmitleið veirunnar er með dropum og úða úr öndunarvegi sem sýktir gefa frá sér við tal, hósta og söng og ósýktur andar að sér. Droparnir hníga á nálægt yfirborð og smitefni getur haldist virkt á sléttu hörðu yfirborði í allt að 3 daga ef það er ekki þrifið með sápuvatni og sótthreinsað á eftir. Ef yfirborð sem dropar hafa fallið á er snert og viðkomandi snertir síðan augu, nef eða munn strax á eftir án undangenginnar handhrensunar, þá er talið að veiran geti smitast þannig (snertismit).

Í rannsókn Doremalens og félaga á stöðugleika SARS-CoV-2 veirunnar í umhverfi hélt hún í allt að 3 klst í lofti eftir úðun, að 4 klst á kopar, að 24 klst á pappa og í 2–3 daga á plasti og stáli þó ekki hafi verið sannað að veirur á slíku yfirborði gætu valdið smiti.

Snertismit

Smithætta af COVID-19 við meðhöndlun líkama einstaklings sem hefur verið með sjúkdóminn er talin lítil og ekki vitað um neitt tilvik í heiminum þar sem smit sem hefur orðið vegna meðhöndlunar líka. Þar sem veiran getur haldist virk á yfirborði gæti smithætta helst stafað af:

- Beinni snertingu við mannvistarleifar eða líkamsvessa þar sem veiran er til staðar.
- Beinni snertingu við hluti eða umhverfi sem gætu verið mengaðir af veirunni.

Vegna þessa er ráðlagt að draga úr ónauðsynlegri snertingu við hinn látna og nota hlífðarbúnað (hanska, langerma hlífðarslopp eða svuntu) þegar líkið er meðhöndlað, einkum strax eftir andlátíð og í fyrstu dagana á eftir. Hættan á að dropar eða úði komi upp úr vitum hins látna við hefðbundna meðhöndlun er talin lítil.

Frágangur á dánarbeði þar sem var COVID-19 smit

Þeir sem taka þátt í frágangi strax eftir andlát fyrir flutning er oftast heilbrigðisstarfsfólk sem er þjálfað í frágangi látinna. Hætta á smiti felst í beinni snertingu við líkamsvessa og hluti eða yfirborð í umhverfi hins látna sem gæti verið mengað og þurfa allir viðstaddir að skilja það.

- Gengið er frá líkinu á hefðbundinn hátt með þvotti og snyrtingu, slöngur og íhlutir fjarlægðir og viðeigandi umbúnaði komið fyrir (leki fyrirbyggður) en þeir sem annast verkið eru í hlífðarbúnaði; með andlitsgrímu, hlífðargleraugu/andlits skjöld, í einnota hönskum og síðerma hlífðarsloppi.
- Merkið og sveipið líkið samkvæmt venju og flytjið í kælda líkgeymslu eins fljótt og hægt er.
- Það þarf ekki að setja líkið í líkpoka vegna smithættu nema leki sé mikill eða önnur sérstök ástæða.
- Lofta vel út og hleypa fersku lofti inn í herbergið.
- Þrifa dánarbeð og umhverfi með sápuvatni og sótthreinsa eftir þriffin með veirudrepandi sótt-hreinsiefni (t.d. klórblöndu, virkon eða öðru sambærilegu). Þeir sem annast þriffin eiga að vera í hlífðarbúnaði (með skurðstofugrímu, hlífðargleraugu, hanska og í hlífðarsloppi/svuntu).

- Lín er sett í vatnsleysanlega poka (ef er á stofnun) og þannig inn í þvottavél og þvegið við hitastig sem þvotturinn þolir. Ef leið er stutt og greið að þvottavél má óhreint lín fara beint í vélina.
- Rusl sem fellur til við frágang líks telst sóttmengað og skal meðhöndlast sem slíkt og sent til brennslu.

Líkpokar

- Hefðbundinn umbúnaður líks (línlok og líkklæði) og líkkistur rjúfa snertismitsleið.
- Líkpokar eru ekki nauðsynlegir til að draga úr smithættu nema í undantekningartilfellum, við ákveðna smitsjúkdóma (ekki COVID-19) og í tilfellum þar sem mikill leki er til staðar.
- Líkpokar geta hentað til nota við flutning á líkum.
- Notkun líkpoka ætti að halda í lágmarki því þeir valda aðstandendum óþarfa áhyggjum.
- Skýr ástæða þarf að vera fyrir notkun líkpoka þ.e. hvort hann er til að auðvelda flutning eða vegna sóttvarna.

Geymsla og undirbúningur líksins fyrir greftrun eða bálför

- Líkið er geymt á hefðbundinn hátt í líkhúsi í þar til gerðum kæli. Þeir sem handleika það eiga að vera í hlífðarbúnaði (hönskum og hlífðarsloppi).
- Hafi líkið verið sett í líkpoka á dánarbeði er pokinn opnaður og líkið tekið úr honum. Líkið er snyrt og klætt í líkklæði en viðhafa við það almenna smitgát og sá sem annast verkið á að vera í hlífðarbúnaði við verkið; að lágmarki einnota hönskum og síðerma hlífðarsloppi.
- Syrgjendur mega sjá líkið en ekki kyssa það og ekki snerta nema vera í hlífðarbúnaði (hönskum og síðerma hlífðarsloppi).
- Ekki er mælt með að lík einstaklings sem látist hefur úr COVID-19 sé smurt en sé það gert þá þarf vel þjálfað starfsfólk til þess og þarf það að fylgja vel öllum smitgátarreglum.
- Líkið má jarða með hefðbundnum hætti eða með bálför.
- Allt starfsfólk líkhúsa og útfararstofa þarf að vera þjálfað í sýkingavörnum, notkun hlífðarbúnaðar og hvernig beri að þrifa og sótthreinsa búnað og yfirborð sem líkið hefur snert.
- Ávallt skal hafa góða loftræstingu í líkhúsum og viðhafa ítrasta hreinlæti.

Líkhús þar sem krufningar fara fram

- Við krufningu, getur verið smithætta þegar úðamyndandi aðgerðir fara fram.
- Líkhús þar sem fram fer krufning skal hafa góða loftræstingu, tryggð séu 12 loftskipti/klst í nýjum byggingum en í eldri húsum a.m.k. 6 loftskipti/klst. Ef vélræn loftræsting er til staðar ætti að skapa neikvæðan loftþrýsting í líkhúsi miðað við umhverfi og sía frárennslisloft.
- Ítrasti hlífðarbúningur þarf að vera til staðar ásamt viðeigandi aðstöðu til að klæðast í og úr og hreinlætisaðstaða fyrir starfsfólk; starfsklæðnaður til að klæðast undir hlífðarbúningi, veiruheld gríma, augn- og andlitshlíf, síðerma vatnsheldur hlífðarsloppur og þar til gerðir skór.
- Öll áhöld og yfirborð þarf að vera hægt að smúla, þvo og sótthreinsa.
- Halda fjölda starfsfólks sem er viðstatt í lágmarki.

Heimildir

- [Reglugerð um meðferð og flutning líka](#)
- [Verklagsreglur sóttvarnalæknis um flutning og meðferð líka](#)
- World Health Organization. [Infection prevention and control for the safe management of a dead body in the context of COVID-19](#): Interim guidance, 4 Sept. 2020.
- European Centre for Disease Prevention and Control (ECDC). [Considerations related to the safe handling of bodies of deceased persons with suspected or confirmed COVID-19](#). Technical report March 2020.
- National Collaborating Centre for Environmental Health. Field inquiry: COVID-19 risks from handling the deceased, February 15, 2021.
<https://ncceh.ca/sites/default/files/Field%20Inquiry%20-%20COVID%20risks%20to%20deathcare%20occupations%20Feb%202021%20EN%20Final.pdf>
- NHS. Northhamptonshire Healthcare NHS Foundation trust. Care of the deceased patient within infection control, August 2021.
<https://www.nhft.nhs.uk/download.cfm?doc=docm93jjjm4n1413>